



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Blásalir

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Efnisyfirlit

2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
4	Innra mat Rauðeildar.....	12
5	Innra mat Grænudeildar.....	16
6	Innra mat Bláudeildar.....	20
7	Innra mat Guludeildar	22
8	Innra mat sérkennslu.....	26
9	Innra mat – fjöltyngd börn	28
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	29
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	30
8	Foreldrasamvinna.....	30
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
10	Fylgigögn.....	31



Leiðarljós leikskólans er:

Heilbrigð sál í hraustum líkama” vísar til þess að börnin þurfa að borða hollan mat, fá góða hreyfingu og reglulegan svefn til að geta notið leikskóladvalarinnar.

Gildi leikskólans eru

Virðing

- Sýnum umhyggju og hjálpum hvort öðru. • Hlustum á og virðum skoðanir og tilfinningar. • Göngum vel um, jafnt úti sem inni.

Gleði

- Njótum þess að gera sjálf og gleðjumst yfir því sem við getum. • Gerum tilraunir og leyfum sköpunargleði að njóta sín. • Verum vinir og hlæjum saman.

Hreysti

- Borðum hollan mat. • Hreyfum okkur og hvílum. • Njótum útiveru, hvernig sem viðrar. • Blómstrum í góðra vina hóp.

Sköpun

- Gerum athuganir og uppgötvanir. • Fylgjumst með náttúrunni. • Njótum þess að skapa með mismunandi efnivið.



1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020 – 2021 var allt litað af Covid-19 og þeim takmörkunum sem það setti okkur. Fundir voru ekki haldnir að hausti með nýjum foreldrum eins og venja er heldur nýttum við okkur að senda upplýsingar í gegnum tölvupóst. Foreldrafundurinn sem er haldin í október ár hvert var ekki haldinn heldur sendu deildarstjórar út glærupakka á foreldra sem þeir töluðu inn á og útskýrðu leikskólastarfið í máli og myndum. Ráðningar á nýju starfsfólki og aðlögun barna eru verkefni sem taka sinn tíma á haustin og Covid ástandið hjálpaði ekki til. Við unnum eftir skóladagatali allan veturinn fyrir utan þau atriði sem varða aðkomu foreldra og þar fórum við eftir ráðleggingum sóttvarnarlæknis varðandi aðkomu foreldra að skólanum. Eins og undanfarin ár unnum við með Grænfánann og græn gildi í öllu okkar starfi. Leikurinn og leikumhverfið er okkur hugleikið og gefum við börnunum góðan tíma til að læra í gegnum leikinn með stuðningi kennara. Áhugasvið barnanna leiðir okkur áfram og nýttum við þau tækifæri sem felast í þeim. Vinátta er mikilvæg og það er börnum mikilsvert að læra samvinnu með jafnöldrum. Jákvæð samskipti milli barna og hvernig þeim gengur að leysa ágreining skipta miklu máli þegar kemur að því að meta líðan barnanna. Eins og allt annað sem barnið lærir í leikskólanum þá erum við í samvinnu við foreldra því saman getum við gert svo margt jákvætt. Samskipti og samvinna við foreldra er verkefni sem alltaf er hægt að bæta og við bjóðum foreldrum upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári auk þess sem við sendum vikulega út fréttabréf frá hverri deild í máli og myndum. Foreldrar geta auk þess óskað sérstaklega eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur eftir atvikum og við reynum að finna lausnir saman. Sérkennslustjóri hefur einnig boðið upp á viðtöl við þá foreldra sem þess óska.

Undirbúningur fyrir styttingu vinnuvikunnar og fundarhöld varðandi það verkefni tók sinn tíma og var lögð áhersla á að lýðræðisleg vinnubrögð varðandi það ferli væri í hávegum haft. Við veltum við öllum steinum og skoðuðum hvað við gætum gert og niðurstaðan var að fara í hámarks styttingu sem er 36 tíma vinnuvika miðað við fullt starf.

Útikennsla og útivist hafa alltaf verið þættir sem við höfum lagt mikla áherslu á í Blásölum og var þetta skólaár engin undantekning. Við nýttum okkur nálægðina við hestúsin og fórum reglulega í göngutúra þangað með börnin ásamt því að læra og njóta nánasta umhverfis.

Við völdum að taka læsi sem okkar þátt í menntastefnu Reykjavíkurborgar annað árið í röð til þess að festa það í sessi og nýttum starfsdaga haustsins í að fá námskeið fyrir starfsfólk um málörvun sem við fengum í gegnum Miðju máls og læsis sem er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar.

Málörvunarverkefnið „Lubbi finnur málbeinið“ er bók og verkefni sem hugsuð eru til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á leikskólaaldri. Á yngstu deildum leikskólans höldum við áfram með Bablarna



sænskt málörvunarverkefni sem við höfum verið að þróa og vinna með undanfarin ár. Málörvun og læsi hefur verið okkar helsta viðfangsefni allt skólaárið umræður á fundum kennara hafa snúist um að miðla þekkingu og reynslu varðandi læsi. Við vorum beðnar um að taka þátt í þróunarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem nefnist 1000 orða bók og er hugsuð fyrir leikskólaaldurinn og munum við fara í það verkefni á komandi skólaári ásamt tveimur öðrum skólum. Einnig munum við taka þátt í lýðheilsu verkefni Fylkis en þeir sóttu um styrk til borgarinnar til að efla hreyfingu leikskólabarna.

Heimahagar er samstarfsverkefni sem Blásalir, Rauðaborg, Heiðarborg og Selásskóli vinna að með elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans í útikennslu í nokkur ár. Selásskóli hefur umsjón með þessu þróunarverkefni sem heitir „*Heimahagar og íslenski hesturinn*“ og er unnið í samstarfi við hestamannafélagið Fák.

Á næsta skólaári völdum við sjálfsefningu sem áherslupátt innan menntastefnu Reykjavíkur og styðjast við kenningar Marte Meo sem ganga út á að efla sjálfsmynd barnanna og auka leik- og félagsfærni þeirra. Hrönn Pálmadóttir Dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands mun leiða okkur í þeirri vinnu yfir skólaárið með reglulegum fundum. Kenningarnar ganga mikið út að kennarar skoði myndbandsupptökur af sér í starfi og starfsfólk læri saman.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Menntastefna Læsi	Spurningalistar og gátlistar. Sem svarað var vorið 2020 og vor 2021 á starfsdegi	Allir starfsmenn	Þeir þættir sem voru í umbótaáætlun, eru komnir til framkvæmdar .
Aðbúnaður og aðgengi barna.	Spurningalistar og gátlistar. Sem svarað var vor 2021 á starfsdegi	Allir starfsmenn	Aðgengi barna gott, leikefni er í þeirra hæð, skipt um efnivið og reynt að hafa ekki of mikið í einu í boði .
Dagskipulag leikskólans hvernig það mætir þörfum barnanna	Spurningalistar og gátlistar. Sem svarað var vor 2021 á starfsdegi.	Allir starfsmenn	Dagskipulagið hentar vel og er aðlagð að hópnum sem er í húsi á hverju hausti. Reynt að hafa litla hópa þannig að börnin fái að njóta sín.
Frjálsleikur og skipulagðar athafnir	Spurningalistar og gátlistar. Sem svarað var vor 2021 á starfsdegi	Allir starfsmenn	Góður tími er gefin í frjálsan leik. En einnig eru skipulögð verkefni eins og útinám og sérstök verkefni t.d. verkefni tengd öskudegi, árstíðum og grænfána.



<p>Grænfánastarfið á deildum</p>	<p>Spurningalistar og gátlistar.</p> <p>Sem svarað var vor 2021 á starfsdegi</p>	<p>Allt starfsfólk leikskólans.</p>	<p>Deildarnar hafa flokkað plast og pappa.</p> <p>Vatnspema hefur verið í vetur og í mars var vatnsdagur þar sem börnunum var skipt upp í hópa og lærðu um vatnið og gerðu vatnstengt verkefni. Áhersla á minnkaða matarsóun í október.</p>
<p>Samverustundir, tilgangur og skipulag.</p>	<p>Spurningalistar og gátlistar.</p> <p>Sem svarað var og vor 2021 á starfsdegi</p>	<p>Allir starfsmenn leikskólans</p>	<p>Á yngri kjarna gefst tækifærir til að tengja samverustundir við Babblarna, börnin læra að þekkja þá og þeir eru nýttir í málörvun</p> <p>Á eldri kjarna gefst tækifæri til að ræða það sem er á döfinni hverju sinni. Þema í samverustundum eru tengdar hefðum og hátíðisdögum. Í vetur höfum við lesið mikið í samverustundum, æft tjáningu þar sem börnunum er gefið tækifæri til að segja frá einhverju sem þeim liggur á hjarta og förum í leiki.</p>



Ýmsar upptökur í leikskólanum	Spurningalistar og gátlistar. Sem svarað var vor 2021 á starfsdegi	Allir starfsmenn	Gengu vel, en var minna um þær núna þetta vegna Covid19.
Líðan barna	Spurningalistar að vori 2021	Tveir elstu árangar svöruðu spurningum og broskallamati	Öllum börnum líður vel í leikskólanum, eru glöð að koma og eiga góða vini.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Spurninga-könnun frá Skóla og frístundasviði	Allir foreldrar leikskólans	Helstu styrkleikar könnunar voru meðal annars að foreldrar telja að barnið sé öruggt í leikskólanaum, líði vel og leikskólanum sé vel stjórnað. Veikleikar könnunar voru meðal annars Að leikskólinn leiti til foreldra eftir tillögum og hugmyndum



			<p>Að leikskólinn hvetji foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu</p> <p>Að foreldrar geti fengið ráð um uppeldi, heilsu og annað sem snertir barnið í leikskólanum</p>
--	--	--	--



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Mennta-stefna sjálfsefning	Efla sjálfsmynd og leik- og félagsfærni barnanna.	Innleiða aðferðir Marte Meo í samskiptum kennara og barna	Sept. 2021	Maí 2022	Könnun meðal starfsmanna. Endurmat á deildarstjórafundum og starfsdögum.	90% ánægja starfs-fólks.
	Efla sjálfsmynd, félagsfærni og samvinnu barnanna.	Útbúin aðgengilegur leikjabankei fyrir allt starfsfólk til að nota reglulega með börnunum..	Sept 2021	Maí 2022	Endurmat á starfsdegi 2022	Aðgengi-leg bók/ mappa í ípad
	Að efla sjálfsmynd barnsins. Að barnið fái notið sín	Verkefnið "Barn vikunnar" verður kynnt og skipulagt	Okt 2021	Maí 2022	Mat á starfsdegi vor 2022	Öll börn í leikskólanu m hafi verið barn vikunnar



	sem einstaklingur í leikskólanu m. Að efla samstarf heimilis og leikskóla.					þennan vetur.
Innra mat						
	Að meta alla þætti leikskóla-starfsins reglu-bundið	Nota nýja matsáætlun sem matsnefnd útbýr fyrir skólaárið 2021-2024	Sept . 202 1	Maí 2022	Endurmat á deildarstjóra-fundi vor 2022	Að allt matið verði notað til þess að meta starfið næsta vetur
	Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum	Rafræn könnun send á foreldra þar sem leitað er eftir hugmyndum foreldra	Sept . 202 1	Nóvember 2021	Rafræn könnun	80% foreldrar svari könnun
	Foreldrar geti fengið ráð um uppeldi, heilsu og annað sem	Deildarstjórarn bjóða foreldrum upp á ráðgjöf, bæði	Sept . 202 1	Maí 2022	Metið í foreldraviðtölu m í mars 2022	90% ánægja foreldra



	snertir barnið í leikskólanum	rafrænt og í viðtölum,				
--	-------------------------------	------------------------	--	--	--	--

3 Innra mat Rauðeildar

Skólaárið hefur gengið nokkuð vel þrátt fyrir COVID-19 takmarkanir nær allt tímabilið og ýmsar aðrar breytingar í skólastarfinu. Það urðu starfsmannabreytingar á deildinni í byrjun árs. Deildarstjóri deildarinnar hóf störf á nýjum vettvangi og við tók deildarstjóri frá Grænu deild. Starfsmaður sem sinnt hafði stuðningi á deildinni hóf störf á nýjum vettvangi og við tók starfsmaður frá yngri deild leikskólans. Einnig urðu breytingar í barnahópnum á deildinni.

Stytting vinnu vikunnar kom til framkvæmdar í byrjun árs 2021. Starfsmannahópurinn var áhugasamur um að láta deildarstarfið ganga vel. Það tók samt dálítinn tíma fyrir starfsmannahópinn á deildinni að slípast saman og fyrir deildarstjórnann að setja sig inn í deildarstarfið. Það var í mörg horn að líta og í febrúar og mars voru tveir nemar á deildinni annar í leikskólakennarafræðum og hinn í Tólmstunda- og félagsmálafræði. Dagskipulagið á deildinni tók ekki miklum breytingum á vorönninni. Fyrirkomulagið var nokkuð gott, það var samt ákveðið að skipta börnunum í þrjá útinámshópa í staðin fyrir tvo þar sem deildin hafði yngst. Á vorönn var byrjað að nota forritið Sway til að koma fréttum/upplýsingum til foreldra ásamt myndum af börnunum í leikskólastarfinu. Deildarstjóri einsetti sér að senda út fréttabréf í lok hverra viku með myndum og upplýsingum um vikustarfið og hvað væri á döfinni í leikskólanum. Þrátt fyrir covid-19 takmarkanir voru elstu börnin fjögur þátttakendur í heimahögum þar sem við hittumst í flest skiptin ásamt Heiðarborg, Rauðuborg og 1. bekk í Selásskóla. Elstu börnin voru einnig þátttakendur í samvinnuverkefningu með Tónskóla Sigursveins, stefnt var á stóra sviðið í Hörpu í apríl en vegna covid varð ekkert úr því. Lendingin var að við komum saman í minni hópum 1. júní í Ráðhúsi Reykjavíkur og tónleikunum var streymt.

Umbótaþættir skólaárið 2020-2021

Læsi:

1. Fjölga lesstundum og huga að aðgengi barnanna að bókum

Hefur gengið vel. Ileshornið sem var útbúið við hlið bókahillunnar er mikið notað og vel aðgengilegt fyrir börnin. Kennarar meðvitaðir um að nýta tækifæri í daglega starfinu að lesa og skoða bækur með



börnunum. Alltaf boðið upp á bækur í byrjun hádegissamveru meðan börnin eru að tynast inn frá wc. Alltaf lesið fyrir öll börnin í hádegissamveru og einnig alltaf lesið fyrir elsta hópinn í hvíld eftir hádegismatinn.

Styrkleikar: Börnin dugleg að nota leshornið, setjast niður og skoða bók annað hvort ein með öðrum börnum eða kennara. Þetta hefur festst í sessi á deildinni og munum við halda áfram á sömu braut og teljum að þessum umbótaþætti sé lokið í bili.

Læsi:

2. Sýnileiki ritaðs máls á deild og í samverustundum.

Markmiðið var að börnin upplifi ritmál sem eðlilegt táknerfi

Styrkleikar: Hengdum upp stórar myndir af dagskipulagi deildarinnar með ritmáli fyrir neðan hverja mynd. Ljósmynd af börnunum með nafni þeirra er sett upp í samverustundarherbergi.

Tækifæri til umbóta:

Merkja meira með ritmáli svæði/hluti á deildinni t.d. hurð, vaskur, gluggi og svo framvegis.

Málörvun:

3. Málörvun fyrir fjöltyngd börn og börn með seinkaðan málþroska

Styrkleikar: Starfsfólkið er meðvitaðar um mikilvægi þess að setja orð á athafnir og nota virka hlustun ásamt því að lesa fyrir börnin.

Tækifæri til umbóta:

Við leggjum áherslu á að hver starfsmaður gefi þremur börnum 10 á hverjum degi í þrjár vikur og síðan koll af kalli. Hver starfsmaður kvittar á sérstakt skráningarblað á hvítu töflunni á deildinni hvað hann gaf hverju barni margar mínútur dag á tímabilinu.

Hlutverk kennarans:

4. Hlutverk kennarans í leikumhverfi barnanna

Markmiðið var að kennarar líti á frjálsa leikinn sem námsleið.

Styrkleikar: Starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi þess að vera styðjandi í leik barnsins, sem það gerir með því að sýna áhuga á því sem barnið er að fást við hverju sinni.

Tækifæri til umbóta:

Kynna þetta betur fyrir starfsmönnum deildarinnar og þeir fái tækifæri til að fræðast um málefnið. Skipta börnunum í minni hópa og nýta rýmið í húsinu.



UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	He fst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæ mir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi:							
Sýnileiki ritaðs máls á deild	Að börnin upplifi ritmál sem eðlilegt táknkerfi sem þau kynnast og læra á.	Að nota ritun í sem flestum aðstæðum merkja hluti að deildinni nota ritmál undir myndir	Deildar stjóri og kennar ar á deildin ni.	Se pt	aprí l	Deildarfundir notaðir til að ræða um hvernig gengur	Börnin kynnist ritmáli í daglegu leikskóla starfi
Málörvun fyrir fjöltýngd börn og börn með seinkaðan málþroska	Að gefa börnum með seinkaðan málþroska aukin tíma	Nota aðferðina „gefðu 10“	Allir kennar ar á deildin ni.	se pt	mai	Endurmetið tvisvar í mánuði á deildarfundum þar sem farið er yfir skráningarblöðin og skoðað hvernig gengur	Allir kennara r hafi tileinkað sér að nýta sér þessa leið til málörvu



							nar og noti hana markviss t í öllu daglegu starfi
Hlutverk kennarans í leik-umhverfi barnanna	Að kennarar líti á frjálsan leik sem námsleið og geri sér grein fyrir hve mikilvægt það er að vera áhugasamur og styðjandi við leik barnsins	Deildarstjóri fyrirmynd, umræður á deildarfundum/starfsdögum. Endurgjöf og hvatning til kennara. Skipta börnunum í minni hópa nýta rýmið í húsinu. Fræðsluefni til kennara í samráði við stjórnendur skólans,	Deildarstjóri	okt	mai	Endurmeta með umræðum og að kennarar komi með dæmi úr starfinu.	Allir kennara r séu meðvitaðir um að hver stund er námstækifæri fyrir barnið
Sjálfs hjálpar barna í matartímum	Kennarar geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfseflingu barna í matartímum	Börnin á deildinni fá að skammta sér sjálf á diskana sína, smyrja brauðið og æfa sig að hella úr könnu/fernu	Deildarstjóri og allir kennarar á deildinni	sept	mai	Endurmeta á deildarfundum/starfsdögum. Þar geta kennarar rætt saman og komið með dæmi um hvernig gengur	Allir kennara r horfi á matmáls tíma sem lið í að efla sjálfs hjálpar barna.



Samstarf heimili og skóla	Foreldrum boðin þátttaka í leikskólaskólastarfinu	Foreldrum boðið með í útinám (vettvangsferðir) 1x að hausti 1x að vori	Deildarstjóri	okt 21	maí 22	Endurmetið á deildarfundum	Bætt foreldrasamstarf
----------------------------------	---	--	---------------	--------	--------	----------------------------	-----------------------

4 Innra mat Grænudeildar

Aðlögun stóð yfir frá 18. ágúst fram í miðjan september og voru börnin, sem komu af Gulu- og Bláu deildinni, 17 talsins eða 11 drengir og 6 stúlkur. Haustið einkenndist af aðlögun barnanna en starfsmannahópurinn hélst nokkuð óbreyttur fyrir utan einn sem færði sig á Rauðudeild og nýr starfsmaður var ráðinn í hans stað.

Deildarstarfið á skólaárinu:

Haldið var áfram með tvískipta samverustund bæði á morgnana og í hádeginu auk þess að skipta börnunum niður í litla hópa í frjálsum leik. Áfram var haldið með útinámshópana sem fóru á mánu-, þriðju- og miðvikudögum ásamt tveimur kennurum í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans. Vikulegar stafavísur úr „Lubbi finnur málbein – íslensku máhljóðin sýnd og sungin“ voru áfram sungnar fyrir matmálstímana.

Deildarstjóri tók við Rauðudeild um áramót og tók deildarstarfsmaður við Grænudeild til bráðabirgða eða þangað til nýr deildarstjóri kom þann 1. mars. Þessi skipti gengu vel en mörkuðu auðvitað starfið um tíma þar sem bæði börn og starfsmenn þurftu tíma til að kynnast og átta sig á nýjum aðstæðum. Foreldraviðtöl fóru fram um miðjan mars þar sem foreldrar komu í viðtöl með grímur fyrir andliti. Aðstoðarleikskólastjóri aðstoðaði nýjan deildarstjóra í foreldraviðtölum. Í byrjun maí var skipt um gólfefni og veggir málaðir á Grænudeild, þetta tók aðeins lengri tíma en reiknað var með og raskaði starfinu í nokkra daga en allt gekk vel. Í lok vorunnar var starfsfólk bólusett fyrir COVID-19 og í framhaldinu var takmörkunum aflétt og foreldrar fengu að koma í hús.

Umbótaþættir skólaárið 2020-2021

Efla orðaforða barnanna:



Bókaormur var búinn til með hjálp barnanna og settur upp á vegg þar sem kennari skrifaði nafn bókar á spjald. Börnin voru þátttakendur í því að setja spjaldið á sinn stað þ.e. fyrir aftan hausinn á bókaorminum.

Styrkleikar:

Gott skipulag þar sem börnin tóku þátt og sáu orminn lengjast. Einnig auðvelt að sjá hvaða bækur var búið að lesa. Starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi bóka fyrir málþroska og orðaforða.

Aukin samskipti og samræður við börnin:

„Gefðu 10“ var innleitt á deildinni til að gefa starfsfólki tækifæri til að efla börnin til þátttöku í daglegu starfi með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir færni og áhugasvið þeirra.

Styrkleikar:

Settur var upp listi með nöfnum barnanna og passað upp á að öll börn fengju „10“ á dag. Gekk mjög vel og það verður framhald á þessu starfi og vegna þess er það sett aftur í umbótaþátt.

Tækifæri til umbóta:

Ákveðið var að taka upp „barn vikunnar“ í haust þar sem börnin fara, eitt í einu, heim með bangsa og dagbók yfir helgi. Barn vikunnar segir svo hinum börnunum frá ævintýrum helgarinnar og hefur einnig ákveðnar skyldur yfir vikuna, svo sem að aðstoða við að leggja á borð og segja frá veðrinu. Barn vikunnar má einnig koma með bók að heiman sem lesin verður í leikskólanum. Fleiri umbótaþættir verða teknir upp og markast af fjölda tvítýngdra barna á deildinni.

Umbótaáætlun 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Læsi:							
Sýnileiki ritaðs máls á deild	Að börnin upplifi ritmál sem eðlilegt táknerfi sem þau kynnast og læra af.	Að nota ritun í sem flestum aðstæðum merkja hluti á deildinni nota ritmál með myndum	Deildarstjóri og kennarar á deildinni.	Sept 21	apríl 2	Deildarfundir notaðir til að ræða hvernig gengur	Börnin kynnist ritmáli í daglegu leikskóla-starfi
Auka samskipti og samræður við börnin	Starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að eiga samtali og samskipti við hvert barn á hverjum degi	Innleiða „Gefðu 10“ á deildinni. Starfsfólk kynni sér leiðbeiningar-bækling og tileinki sér þessa aðferð.	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn deildarinnar framkvæma	1. okt. 2021	1. maí 2022	Einn deildarfundur í hverjum mánuði notaðir til að ræða hvernig gengur og meta hverju sinni Sérstakt skráningarblað um hverjir (börn og starfsfólk) gefa og fá „10“	Starfsfólki gefið tækifæri til að hafa betri yfirsýn yfir færni og áhugasvið barnanna og efla þau til þátttöku í daglega starfinu



Málörvun - Myndrænt skipulag	Hafa dag-skipulag á myndrænu formi til að auðvelda tvítyngdu m börnum að skilja skipulagið og læra ný orð.	Hafa dag-skipulag myndrænt á vegg.	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir starfsmenn deildarinnar framkvæma.	20. ágúst 2021	1. maí 2022	Kennari skráir framfarir barnanna hjá sér og safnar upplýsingum um máltöku þeirra.	Að auðvelda starfsfólki samskipti við börnin.
Skráningar - auka foreldrasamstarf	Fá fleiri skráningar að heiman fyrir kennara að vinna með í málörvun og sjálfs-eflingu barnanna.	Eftir takmarkað aðgengi foreldra v/COVID19 viljum við efla foreldrasamstarf.	Deildarstjóri ber ábyrgð.	20. ágúst 2021	20. ágúst 2022	Kennari sér um að skráning fari í ferilmöppu.	Gefur starfsfólki tækifæri til að kynnast börnunum betur og hjálpa þeim til sjálfs-eflingar.
Samstarf heimili og skóla	Foreldrum boðin þátttaka í leikskólastarfinu	Foreldrum boðið með í útinám (vettvangsferðir) 1x að hausti 1x að vori	Deildarstjóri	okt 21	Maí 22	Endurmetið á deildarfundum	Bætt foreldrasamstarf



5 Innra mat Bláudeildar

Veturinn á Bláudeild hefur gengið mjög vel þrátt fyrir að starfið hafi verið með öðrum hætti vegna Covid-takmarkana. Eins og síðasta vetur máttu foreldrar ekki koma inn í leikskólann heldur tók starfsfólk á móti börnunum og klæddu þau úr útifötum. Það er vissulega álag og mikil hlaup á starfsfólki þegar foreldrar mega ekki koma inn í húsið. Á morgnana fór mikill tími í að taka á móti börnunum og enn meiri tími fór í að klæða þau í útiföt í lok dags, foreldrar voru mikið við sækja börnin í miðjum kaffitíma og þar af leiðandi varð undirmönnun á deildinni. Í maí máttu foreldrar koma inn á deildar og þá nýttist seinnipartur dagsins miklu betur með börnunum.

Í haust byrjuðu tveir nýir starfsmenn og vorum við því fjórir starfsmenn samtals á deildinni. Tólf börn byrjuðu í aðlögun um haustið og síðan bættust þrjú við eftir áramót. Öll börnin á deildinni voru að byrja sinn fyrsta vetur í leikskólanum. Aðlögun gekk mjög vel.

Þetta er annað árið okkar eftir að deildin breyttist í ungbarnadeild. Stærsta breytingin að okkar mati snýst um svefn barnanna. Þau eru þó nokkur sem vakna auðveldlega og eiga erfitt með að sofna aftur. Þau eru þar af leiðandi að sofa allt of lítið. Við erum þess vegna að nota vagna/svefnkerrur töluvert fyrir þessi börn en reynum þó að venja þau á dýnur um leið og þau eru tilbúin til þess.

Umbótaþættir skólaárið 2020-2021

Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna: Í heildina gekk það vel. Markmið okkar var að vinna með Bablarana (bækur sem þjálfa hljóðkerfisvitund barna). Við sáum fljótt að okkur fannst betra að leyfa þessu verkefni að vera í öllu starfi á deildinni. Við lesum Bablarnabækurnar í samverustund og einnig með fáum börnum í frjálsum leiktíma. Við höfum Bablarana vel sýnilega á deildinni (myndir á veggjum/gluggum) þannig að það myndast umræður út frá þeim.

° **Styrkleikar:** Bablarnir höfðu mjög vel til barnanna. Börnin á deildinni voru ung og mörg þeirra ekki farin að tala en þau voru fljót að læra nöfnin á öllum fígúrunum í bókinni og biðja okkur um að lesa bækurnar fyrir sig. Þau æfa sig að segja mörg orð þegar þau hlusta á sögurnar eins t.d. litina, upp, yfir, bak við o.fl. Myndirnar í bókunum eru einnig mjög fallegar, einfaldar og stílhreinar og ná til barnanna.



° **Tækifæri til umbóta:** Við viljum vera duglegri að hafa Lubba (málörvunarverkefni) sýnilegri á deildinni t.d. með því að hengja upp á vegg skemmtilegar myndir af hlutum sem byrja á staf vikunnar.

Að sex grunnþættir menntunar séu leiðarljós í leikhópum á morgnanna: Markmið okkar var að undirbúa vel leikstundir. Leikstundirnar eiga að vera fjölbreytt og þroskandi.

° **Styrkleikar:** Við vorum mjög meðvitaðar um hafa mismunandi verkefni í boði fyrir börnin. Okkur fannst best að skipta börnunum upp í minni hópa til það börnin geti notið sín sem best í leikstundunum. Á deildarfundum ræddum við um getu barnanna, t.d. gróf- og fínhyfingar, sem verið er að efla.

° **Tækifæri til umbóta:** Við viljum vera enn duglegri að fara í gönguferðir með barnahópinn og stuðla þannig að aukinni hreyfingu.

Umbótaáætlun 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuðum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að starfsfólk vinni markvisst að því að efla málþroska barna með auknum bókalestri.	Að lesa eina bók fyrir hvert barn á deildinni á hverjum degi. Hafa lista með nöfnum	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Sept 2021	Maí 2022	Deildarfundir notaðir í umræður og mat á lestrarstundum.	Að starfsfólk fái verkfæri í hendur til að



		barnanna sýnilegan upp á vegg og starfsfólk skrái lestur.					vinna með málörvun í daglegu starfi.
Samstarf heimili og skóla	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	Foreldrum boðið að borða morgunmat með börnum sínum. 1x að hausti og vori	Deildarstjórar	Nóv.2021	Mars 2022	Deildarfundir og foreldraviðtöl	Þátttak og ánægja foreldra

6 Innra mat Guludeildar

Tólf börn komu til baka eftir sumarfrí á deildina sem öll höfðu verið veturinn áður. Þegar flutningur byrjaði á milli deilda gekk það vel og sama má segja um aðlögun nýrra barna. Mjög fjölbreyttur hópur byrjaði hjá okkur þetta skólaárið. Í febrúar fjölgaði börnum upp í fimmtán en við fengum aukin stuðning á þessum tíma fyrir eitt barn.

Unnið var eftir bestu getu til að halda skipulögðu starfi á deildinni. Aðlögun var yfir allt skólaárið sem gerði starfið flóknara. Áfram var notast við móttökuáætlanir leikskólans með góðum árangri.

Covid-19 gerði það að verkum að húsið var lokað fyrir foreldrum meira og minna allt skólaárið. Það fylgdi því mikið rask og ónæði fyrir börnin þegar starfsmenn voru að hlaupa



